



Fjármála- og efnahagsráðuneytið  
Arnarhvoli  
101 Reykjavík

Reykjavík, 22.09.2023  
Tilvísun: M202309-0547

**Efni: Fjárfestingarkostir viðbótarlífeyrissparnaðar, áform í Samráðsgátt mál nr. 162/2023 – umsögn Alþýðusambands Íslands**

Í samráðsgátt stjórnvalda eru komin fram áform um breytingu á lögum um lífeyrissjóði nr. 129/1997 um breytingu á fjárfestingarkostum viðbótarlífeyrissparnaðar. Alþýðusamband Íslands setur fyrirvara við framlagningu frumvarps á þessu tímapunkti en varar jafnframt yfirleitt við þeim hugmyndum sem felast í áformum.

Líkt og fram kemur í áformaskjali stendur yfir vinna að gerð grænbókar um lífeyriskerfið sem fjármála- og efnahagsráðuneytið boðaði til. Starfshópurinn sem vinnur að grænbók er skipaður aðilum vinnumarkaðar, fulltrúum lífeyrissjóða, ásamt stjórnvöldum. Lýsa á stöðu lífeyriskerfisins, helstu áskorunum þess ásamt því að hvetja til umræða og lýsa framtíðarstefnumótun líkt og segir í skipunarbréfi. Í skipunarbréfi segir einnig: „Horft er til þess að áframhaldandi samráð verði milli stjórnvalda og aðila vinnumarkaðar sem snýr að hugsanlegum lagabreytingum[...]“.

Áform um að breyta hluta laga lífeyriskerfisins meðan heildstæð rýni fer fram með breiðum hópi hagsmunaaðila eru afar óheppileg og draga úr vægi yfirstandandi vinnu að grænbók. Sátt um breytingar á hluta lífeyriskerfisins verður ekki eins rík og mætti vera gegnum vinnu breiðs hóps hagsmunaaðila. Ekkert kemur fram í rökstuðningi sem réttlætir að taka þennan þátt lífeyriskerfisins út fyrir heildarrýni í grænbók.

Viðbótarlífeyrissparnaður er valfrjáls sparnaður sem ráðstafað er í sjóð að eigin vali og eins er val um fjárfestingarstefnu eða -leið. Eins og er stendur ekkert í vegi þess að viðbótarlífeyrissparnaði sé ráðstafað að vild milli sjóða eða fjárfestingarstefna. Í áformum er ekki að finna neitt um að eigendur viðbótarlífeyrissparnaðar verði betur settir þegar kemur að töku lífeyris. Háfleyg en innihaldsrýr rök um aukið valfrelsi eru þau einu sem færð eru fyrir áformum stjórnvalda.

Hugmyndin með viðbótarlífeyrissparnaði er sú að leggja til hliðar fyrir efri árin og njóta þeirra með sparnaði umfram þann sem einungis fæst með skyldusparnaði lífeyris Verði opnað fyrir frekari aðkomu að ákvörðunum um einstakar fjárfestingar með sparnaðinum og breytingum á fjárfestingarstefnu er hætt við óþarfri áhættutöku en jafnframt ljóst að minna verður úr sparnaðinum vegna umsýslu- eða þóknanakostnaðar.

Þess verður ekki vart að í samfélaginu sé uppi almenn krafa um frelsi í fjárfestingarstefnum og aðkomu að eignastýringu með viðbótarlífeyrissparnað. Hugmyndir í þá átt koma einkum þaðan sem þóknana- og umsýslukostnaður rynni fremur en eigendum viðbótarlífeyrissparnaðar. Ætla mætti að þegar hafi verið brugðist við almennu ákalli um fjölbreyttari fjárfestingarstefnur. Sæju vörsluaðilar hag af auknu framboði sjóða með fjölbreyttari fjárfestingarstefnur væri nú þegar keppst um að hýsa sparnaðinn með síauknu framboði kosta viðbótarlífeyrissparnaðar.



Alþýðusamband Íslands

Halda verður til haga að stærri breytingar á lífeyrissjóðakerfinu koma að frumkvæði aðila vinnumarkaðar og í sátt við þá. Mótframlag atvinnurekenda í viðbótarlífeyrissparnaði eru kjarasamningsbundin réttindi sem aðilar vinnumarkaðar komu sér saman um. Að samráð sé fyrirhugað við aðila vinnumarkað skortir í áformaskjal. Tilkynnt samráð er einungis við sjálf stjórnvöld, eigendur viðbótarlífeyrissparnaðar og þeirra sem hagnast af auknum umsýslu- og þóknanakostnaði.

Leggur ASÍ til að starfshópur um grænbók fái að ljúka vinnu áður en breytingar á kerfinu verði með lögum. Alþýðusamband Íslands leggst gegn þeim áformum sem birtast í áformaskjali bæði í ljósi vinnu vegna grænbókar og skorti á rökstuðningi fyrir þeim breytingum á lífeyriskerfinu sem lagðar eru til.

Virðingarfyllst,  
f.h. ASÍ

Þórir Gunnarsson  
Hagfræðingur